



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. P 136/639
komudagur 7-1. 2009

Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðinefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 30. desember 2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sjúkraskrár

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) þakkar fyrir að vera beðin um umsögn um ofangreint mál.

Félagið hefur áður fengið frumvarpið til umsagnar og sendi þá inn umsögn sína. Í þeirri umsögn kom m.a. eftirfarandi fram:

„Félagið tilnefndi fulltrúa sinn í nefnd þá sem heilbrigðisráðherra skipaði þann 2. október 2007 sem er Ólafur Stefánsson. Jafnframt var varaformaður stjórnar LÍ skipaður í nefndina af Sjúkrahúsi Akureyrar. Félagið er því þeirrar skoðunar að sjónarmið þess hafi náð vel fram að ganga innan nefndarinnar og lýsir almennt ánægju sinni með frumvarpið.

Það er skoðun félagsins að það séu hagsmunir sjúklinga að ráðherra heimili að færðar séu og varðveittar sjúkraskrár sjúklinga í sameiginlegu rafrænu sjúkraskrárkerfi, sbr. 21. gr. [nú 20. gr.] frumvarpsins, enda sé þar til greindum skilyrðum fullnægt. Því er það jafnframt skoðun félagsins að ráðherra hljóti að meginstefnu til að heimila slíkt sameiginlegt rafrænt sjúkraskrárkerfi.“

Félagið ítrekar þá skoðun að mikilvægt sé að frumvarpið verði samþykkt sem lög og að það gerist á yfirstandandi þingi. Jafnframt bendir félagið á mikilvægi þess að fjármagn verði tryggt til verkefnisins þar sem um er að ræða dýrari aðgerð en svo að hægt sé að fjármagna verkefnið af rekstrarfé heilbrigðisstofnana.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir
formaður